

2345. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 19. mars 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir - varastjórn

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem
ritaði fundargerð

Á teams:

Ingi Sigurðsson varaformaður
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

Þorkell Máni Pétursson

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna á þennan fyrsta fund nýs starfsárs og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2344). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
- Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af ÍTF.
 - Ein fundargerð nefnda lögð fram:
 - 1. Fundargerð dómarnefndar á þessu starfsári.
 - Heimir Fannar formaður ÍTF fór yfir helsta í starfi ÍTF.
 - 52. ársþing European Leagues var haldið í Sofíu, Búlgaríu 11. – 12. mars s.l. Heimir Fannar formaður og Birgir framkvæmdastjóri mættu fyrir hönd ÍTF og fór Heimir Fannar yfir það helsta sem fram fór á þinginu.
 - Vinna við sjónvarpsréttinn að Bestu deildunum er í fullum gangi.
 - Áhugi frá ÍTF að skoða ásamt KSÍ fyrirkomulag Lengjubikarsins.
 - Fyrsti stjórnarfundur ÍTF á nýju starfsári verður 20. mars.
- Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.
 - Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir það helsta í starfinu frá síðasta stjórnarfundum. Núverandi stefnumótun KSÍ gildir út þetta ár (2023-2026) - næsta stefnumótun KSÍ tekur við í janúar á næsta ári (2027-2030). Vinna við næstu stefnumótun er í fullum gangi og er þessa dagana unnið í greiningarfasa. Meðal þeirra verkefna er vinnustofa í höfuðstöðvum KSÍ dagana 8. og 9. apríl næstkomandi, þar sem ýmsum hagaðilum hefur verið boðið til að koma á 90-120 mínútna langa fundi með KSÍ og fulltrúum UEFA, til að ræða stefnumótun KSÍ og

stefnumótun almennt. Sem fyrr nýtur KSÍ aðstoðar og stuðnings UEFA í þessari vinnu. Ráðgjafar frá UEFA munu leiða þessa fundi ásamt fulltrúum KSÍ, fara yfir nokkur atriði í byrjun og síðan er opnað á spjall og spurningar. Markmiðið er að ná til fulltrúa sem flestra hagaðila og fá þeirra innsýn, þekkingu og reynslu til að nýta sem hluta af hráefni í smíði næstu stefnumótunar KSÍ. Á fundina hefur verið boðið fulltrúum leikmanna, þjálfara, dómara, stuðningsmanns, aðildarfélaga, ríkis, sveitarfélaga, bakhjarla KSÍ (fyrirtækja) og annarra samstarfsaðila, fjölmiðla, ÍTF, KPÍ, HKK, LÍ, auk auðvitað fulltrúa KSÍ (stjórnarmenn og lykilstarfsfólk). Önur vinnustofa er svo á dagskrá í júní og sú þriðja í september. Það er Ómar Smárason sviðsstjóri markaðssviðs sem heldur utan um stefnumótunina fyrir hönd KSÍ.

Ungmennapíngið var haldið um síðastliðna helgi og gekk vel, þá var einnig haldin dómara ráðstefna um síðastliðna helgi á vegum mótasviðs og var vel sótt.

Fundur með 2. deild karla og kvenna var haldinn í vikunni þar sem farið var yfir komandi tímabil. Þá fór Eysteinn yfir samskipti við Reykjavíkurborg varðandi nýjan þjónustu- og rekstrarsamning og sagði frá því að undirbúningur fyrir næstu landsleiki er í fullum gangi sem og undirbúningur fyrir öll mótin sem eru að fara af stað og eru þegar komin af stað.

4. Lög og reglugerðir

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir þingskjöl sem flutt voru á ársþingi 2026
 - Þingskjal nr. 7. Tillaga til lagabreytinga. Aðild að KSÍ – *Sent til ÍSÍ til staðfestingar*
 - Þingskjal nr. 8. Tillaga til lagabreytinga. Samninga- og félagaskiptanefnd – *Sent til ÍSÍ til staðfestingar*
 - Þingskjal nr. 9. Tillaga til ályktunar – Nýtt knattspyrnufélag í Breiðholti – *Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2027*
- b. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir breytingar á mótareglugerð
 - Reglugerð um aga- og úrskurðarmál – Stjórn samþykkti reglugerðina en vísar til LLR að skoða afsláttarregluna.
- c. Handbók leikja 2026 var lögð fram til kynningar
 - Handbókin byggir að mestu leyti á reglugerð um knattspyrnumannvirki og leyfisreglugerð. *Stjórn samþykki Handbók leikja 2026*
- d. Leyfiskerfi og vallarleyfi – Staða mála
 - Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi leyfiskerfi KSÍ en fyrir fundur leyfisráðs var 12. mars s.l. og voru þá gefin út 19 leyfi. Seinni fundurinn leyfisráðs er 19. mars og verða þá 15 leyfi afgreidd.
 - Eysteinn framkvæmdastjóri sagði frá því að undirbúningur vallarleyfa stæði yfir og munu tillögur til stjórnar vera afgreiddar á fundi mannvirkjanefndar 26. mars n.k.
- e. Bókun frá málþingi KSÍ í aðdraganda ársþings 2026
 - Eysteinn framkvæmdastjóri lagði fram bókun frá málþinginu um ferðakostnað félaga af landsbyggðinni um áskorun til yfirvalda íþróttamála, sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ að taka höndum saman um markvissar aðgerðir til að jafna augljósan aðstöðumun íþróttafólks á landsbyggðinni með því að mæta þeim ferðakostnaði, sem íþróttafélög og foreldrar á landsbyggðinni glíma við. *Samþykkt að framkvæmdastjóri KSÍ sendi áskorunina á yfirvöld íþróttamála, samband íslenskra sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ.*

5. Móta- og dómaramál

- a. Halldór Breiðfjörð fór yfir knattspyrnulögin og lagabreytingar sem þurfa að koma til framkvæmda - *Stjórn KSÍ samþykkti að lagabreytingarnar taki gildi í fyrsta leik Íslandsmóts hjá meistaraflokkum þann 10. apríl 2026.*
- b. Helga Helgadóttir varaformaður fór yfir mótamál almennt og sagði frá því að veðrið væri farið að hafa áhrif strax m.a. á leiki í Mjólkurbikarnum sem hefur þurft að fresta. Verið að leita lausna við að finna nýja leikdaga. Einnig fór Helga yfir fyrirkomulag Lengjubikarsins og sagði frá því að hafin væri umræða innan mótanefndar að nauðsynlegt sé að endurskoða fyrirkomulag Lengjubikarsins. Þorvaldur formaður tók undir það með Helgu og lagði til að haldinn yrði fundur með félögunum sem allra fyrst til að fara yfir næstu skref og lagði til að mótanefnd myndi vera ráðgefandi og leggja fram tillögur í þeim efnum. – *Stjórn samþykkti þá tillögu.*

6. Skipan í embætti, nefndir og vinna starfshópa

- a. Þorvaldur formaður gerði tillögu að Helga Helgadóttir og Ingi Sigurðsson yrðu áfram varaformenn á komandi starfsári – *Stjórn samþykkti tillöguna*

b. Stjórn samþykkti skipan í eftirtaldar nefndir:

- **Fjárhags- og endurskoðunarnefnd**

Ingi Sigurðsson, formaður

Helga Helgadóttir

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Pálmi Haraldsson

Sveinn Gíslason

Starfsmenn: Bryndís Einarsdóttir og Eysteinn Pétur Lárusson

- **Dómaranefnd**

Egill Már Markússon, formaður

Halldór B. Jóhansson

Bryndís Sigurðardóttir

Jens Elvar Sævarsson

Hjalti Þór Halldórsson

Starfsmenn: Þóroddur Hjaltalín, Pjetur Sigursson og Ingi Rafn Ingibergsson

- **Mótanefnd**

Helga Helgadóttir, formaður

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Ingi Sigurðsson

Linda Hlín Þórðardóttir

Björn Friðþjófsson

Sveinbjörn Másson

Þórarinn Gunnarsson

Haraldur Haraldsson

Baldur Már Bragason – ÍTF

Starfsmenn: Birkir Sveinsson og Guðlaugur Gunnarsson

- c. Skipan í aðrar nefndir var frestað til næsta stjórnarfundar.

d. Farið var yfir vinnu starfshópa:

- Mat á breytingum á mótafyrirkomulagi í Bestu deild karla
Börkur Edvardsson fór yfir vinnu hópsins og skýrslu sem unnin var af hópnum Stjórn þakkaði vinnuhópnum fyrir góða skýrslu sem verður birt á heimasíðu KSÍ.
- Hlé á miðju keppnistímabili – lagt fram til kynningar
Stjórn ákvað að fresta umræðu til næsta fundar
- Umgjörð og aðsókn á leikjum í Bestu deildunum og Lengjudeildunum – lagt fram til kynningar. *Stjórn ákvað að fresta umræðu til næsta fundar*
- Rýning og mat á mótum í meistaraflokki kvenna og keppnisfyrirkomulag þeirra – lagt fram til kynningar – *Stjórn ákvað að fresta umræðu til næsta fundar*

7. Fjármál

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar til að greiða út til aðildarfélaganna greiðslur vegna leyfiskerfis KSÍ 2026 þ.e. 50% af heildargreiðslu til hvers félags sem þarf að undirgangast leyfiskerfið árið 2026 og 50% af heildargreiðslu til hvers félags við útgáfu keppnisleyfis – *Stjórn samþykkti að veita framkvæmdastjóra þessa heimild*
- b. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á „Solidarity“ greiðslum frá UEFA sem fara til félaganna í Bestu deild karla en 70% af heildargreiðslunni er greidd þegar öll félögin hafa skilað inn þeim gögnum sem óskað er eftir og 30% í júní. Þá hafa félögin í Bestu deild karla samþykkt að greiða 5% til Lengjudeildar karla og þurfa því öll þessi félög (m.v. Íslandsmótin 2025) að skila þeim gögnum sem óskað er eftir.
Stjórn lagði mikla áherslu á að flýta þessari vinnu eins og hægt er þannig að koma megi greiðslum til félaganna sem allra fyrst.

8. Landsliðsmál – Málefni landsliða og næstu verkefni

- a. Þorvaldur formaður fór yfir síðustu verkefni og komandi verkefni hjá öllum okkar landsliðum.
- b. Þorvaldur formaður sagði frá fundi sem hann og Eysteinn framkvæmdastjóri sóttu til Nyon á dögnum ásamt fulltrúum „Fasse“ þjóðanna en það eru 10 fámennustu þjóðirnar innan vébanda UEFA. Rætt var um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi í næstu undankeppnum hjá A landsliði karla. Þessar breytingar verða kynntar þegar tillögur þess efnis berast frá UEFA.

9. Önnur mál

- a. Þorvaldur formaður lagði til að fundartími á nýju starfsári verði á fimmtudögum kl. 16:00 og að fundað verði að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir.
Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að senda út fundarboð fyrir næstu fundi
- b. Þorvaldur formaður sagði frá FIFA þingi sem fram fer í Vancouver í Kanada í lok apríl. Fulltrúar KSÍ þar verða Þorvaldur formaður, Ingi varaformaður og Eysteinn framkvæmdastjóri
- c. Þá þakkaði Þorvaldur formaður Hetti Egilsstöðum fyrir góðar móttökur og veitta aðstoð við framkvæmd 80. ársþing KSÍ sem og starfsfólki KSÍ og öllum þeim sem komu að undirbúningi ársþingsins fyrir þeirra góða framlag
- d. Þorvaldur formaður fór yfir stöðu á vinnuhóps er varðar verkaskiptingu stjórnar, formanns, varaformanna og framkvæmdastjóra sem Gísli Gíslason leiðir.

- e. Halldór Breiðfjörð, formaður viðurkenningarnefndar KSÍ sagði frá nýjustu viðurkenningu sem samþykkt hefur verið af nefndinni og stjórn KSÍ, en sú viðurkenning er:
- Ólafur Bjarnason (Keflavík) – *Gullmerki KSÍ*
- f. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir vörumerki KSÍ sem skráð eru hjá Hugverkastofu.

Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næsti fundur: 16. apríl kl. 16:00

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Undirritunarsíða

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir